



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2010  
komudagur 10. 11. 2010

# Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 9. nóvember 2010.

**Efni:** umsögn um 49. mál, þskj. 50, 139. lþ., frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis.

Með tölvubréfi dags. 27. október 2010, óskaði allsherjamefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um lagaskrifstofu Alþingis.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði sérstök lagaskrifstofa Alþingis til þess að fara yfir frumvörp og tryggja að þau séu í samræmi við stjórnarskrá, alþjóðaskuldbindingar og aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands.

## Almennar athugasemdir um frumvarpið:

Jafnréttisstofa tekur undir tillögu um að setja á fót lagaskrifstofu Alþingis. Jafnréttisstofa telur mikilvægt að vel sé vandað til verka og skýrt sé hvaða hlutverki skrifstofan á að gegna og hvaða heimildir hún hafi til eftirlits, athugasemda og ábendinga.

Nauðsynlegt er, að mati Jafnréttisstofu, að skerpa á því hlutverki lagaskrifstofu, að gæta samræmis í löggjöf landsins í heild og gæta þarf þess að hlutverk lagaskrifstofu einskorðist ekki við lagatæknileg atriði. Rétt er að minna á að í Rannsóknarskýrslu Alþingis kom fram að hér á landi væri ríkjandi þröng lagahyggja sem m.a. fælist í því að lög séu almennt túlkuð þröngt, horft á bókstafinn, fremur en litið sé til tilgangs og markmiðs laganna sem um ræðir hverju sinni. Vegna þessa telur Jafnréttisstofa nauðsynlegt að tryggja að inn á lagaskrifstofu Alþingis komi ferskir vindar og fleiri sjónarmið um lög og hlutverk þeirra.

## Athugasemdir við 1. gr.

Jafnréttisstofa telur að gera þurfi því hlutverki lagaskrifstofu að gæta þess að frumvörp séu í samræmi við gildandi lög herra undir höfði. Það er mjög mikilvægt að lagaskrifstofa geti sinnt því mikilvæga hlutverki vel að gæta þess að samræmi sé í löggjöf landsins í heild. Það stuðlar að réttaröryggi borgaranna.

Inn í upptalninguna, síðast í 1. gr. frumvarpsins þarf að bæta að lög eigi að vera þannig úr garði gerð að hægt sé að fara eftir þeim. Það er í samræmi við kröfur réttarríkisins og stuðlar að því að lög sem sett eru séu ekki aðeins tæknilega rétt, heldur einnig að þau séu „góð“ og þjóni tilgangi

sínum. Einnig ætti að vera hlutverk lagaskrifstofu að gæta að því að ákvæði um markmið og tilgang lagafrumvarpa séu skýr og skiljanleg.

Sem dæmi um hlutverk lagaskrifstofu vill Jafnréttisstofa nefna að það ætti að vera hlutverk lagaskrifstofu að tryggja að frumvörp séu ekki andstæð jafnréttislögum nr. 10/2008 og þeim meginreglum sem lögfestar eru í þeim.


Athugasemdir við 2. gr.

Jafnréttisstofa telur nauðsynlegt að í lögum um lagaskrifstofu komi fram að þar skuli starfa bæði konur og karlar, en það er mikilvægt til að tryggja fleiri sjónarmið, afstöðu til laga og fjölbreyttari þekkingu og skoðanir á lögum og hlutverki þeirra.

Með sömu rökum bendir Jafnréttisstofa á að eðlilegt sé að líta til fleiri lagadeilda en lagadeildar Háskóla Íslands varðandi tilnefningar úr hinu akademíska umhverfi. Ekki er heldur víst að best fari á því að tveir starfsmenn séu tilnefndir úr akademíunni. Sama má segja um það hvort eðlilegt sé að Lögmannafélag Íslands tilnefni tvo. Til að fjölbreyttari þekking og sjónarhorn og afstaða til laga komi inn á lagaskrifstofu vill Jafnréttisstofa leggja til að LMFÍ tilnefni einn starfsmann og Lögfræðingafélagið tilnefni annan.

Jafnréttisstofa hvetur til þess að það verði skoðað gaumgæfilega hvernig best sé að standa að tilnefningum starfsfólks lagaskrifstofu, m.a. með vísu til Rannsóknarskýrslu Alþingis sem nefnd var hér að ofan, og bendir á að til dæmis mætti fela Mannréttinaskrifstofu Íslands að tilnefna einn, enda þekking á alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, t.d. CEDAW-kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna, nauðsynleg inn á lagaskrifstofu til að hún geti þjónað hlutverki sínu eins og það er skýrt í 1. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt  
f.h. Jafnréttisstofu



Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur